# EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
26. árgangur
Júlí 2023



**Útgefandi: Eining-Iðja**
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - ein@ein.is
www.ein.is

**Ábyrgðarmaður:**
Anna Júlíusdóttir

**Ritstjóri**
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

**Forsíðumynd:**
Björn heiðursfélagi ásamt nýrri forystu félagsins
Mynd: Elsa Sigmundsdóttir

**Prentvinnsla:**
Prentmet Oddi

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið

# Rafræn félagsskírteini komin í notkun

*Nú er hægt að nálgast rafræn félagsskírteini á Mínum síðum félagsins. Það getur verið hentugt að hafa skírteinið í símanum ef félagsmenn vilja nýta sér þá afslætti sem í boði eru og fram koma á Mínum síðum félagsins.*

Félagsmenn njóta veglegra tilboða og sérkjara hjá fyrirtækjum og samstarfsaðilum víða um land. Gildir aðeins gegn framvísun félagsskírteinis. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Það er bæði hægt að sækja skírteinið á Mínum síðum í gegnum tölvu og snjallsíma.

### Fyrir Android

Ef þú ert með Android verður þú að niðurhala í símann þinn SmartWallet. Síðan getur þú einfaldlega opnað myndavélina inni í appinu og skannað inn QR kóðann sem finna má á *Mínum síðum*.

### Fyrir Apple

Ef þú ert með Apple getur þú notað Apple Wallet appið sem er þegar í símanum þínum. Einfaldlega opnaðu myndavélina á símanum þínum og skannaðu QR kóðann sem finna má á *Mínum síðum*.







ENOR
Hafnarstræti 53
600 Akureyri
S 430 1800
E enor@enor.is
www.enor.is




# Verkur, eymsli, þroti?

## Diclofenac Teva hlaup

### Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

**Diclofenac Teva** er hlaup sem inniheldur virka efnið díklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þrota í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**
Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

teva

Teva 125010-2

# Mínar síður félagsins
## – hefur þú skráð þig inn?

*Á Mínum síðum Einingar-Iðju geta félagsmenn m.a. skoðað og sótt rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði. Þá geta þeir séð ýmsar upplýsingar um sig sem félagið hefur, séð orlofspunktastöðu sína, skoðað laus orlofshús og pantað eða sótt um og greitt fyrir þau. Einnig séð greiðslur sem borist hafa af þeim og stöðu umsókna.*

**Hvernig væri að kíkja í heimsókn?**
Rafræn skráning inn á Mínar síður félagsins er í gegnum *www.ein.is*. Við hvetjum félagsmenn til að skrá sig inn til að skoða síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og búið að aðstoða ykkur. Félagsmenn, skoðið vel og lagið ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

**Á mínum síðum geta félagsmenn t.d.:**

- *Sótt um styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði*
- *Séð stöðu umsókna*
- *Pantað/sótt um og greitt fyrir orlofshús og íbúðir*
- *Uppfært persónuupplýsingar*
- *Skoðað áður afgreiddar umsóknir*
- *Tekið þátt í ýmsum kosningum og atkvæðagreiðslum hjá félaginu*
- *Náð í rafrænt félagsskírteini*




**Félagar! Endilega skráið bankaupplýsingar, tölvupóst og síma á Mínar síður Einingar-Iðju - við viljum geta sent mikilvægar upplýsingar til ykkar!**




*Til að kanna þínar upplýsingar þá smellir þú á örina niður sem er efst á Mínum síðum, hægra megin við nafnið þitt. Þá birtist flipi og þar smellir þú á UPPLÝSINGAR. Þar sérðu og getur breytt upplýsingum um þig.*

# NÝSMÍÐI - VIÐHALD BREYTINGAR




**SKG**
VERKTAKAR
**ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐI**

# VELKOMIN Á GLERÁRTORG




Frekari upplýsingar um verslanir og opnunartíma **www.glerartorg.is**




*Björn Snæbjörnsson að flytja skýrslu stjórnar í síðasta sinn.*

# Aðalfundur Einingar-Iðju

***Aðalfundur Einingar-Iðju var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri mánudaginn 24. apríl sl. en þar lét Björn Snæbjörnsson af formennsku eftir 31 ár í formannsstólnum. Anna Júlíusdóttir, sem hefur verið varaformaður félagsins, tók við sem nýr formaður Einingar-Iðju. Á fundinum fór Björn yfir skýrslu stjórnar, Hermann Brynjarsson, frá endurskoðunarfyrirtækinu Enor ehf., fór yfir ársreikningana og einnig voru kosnir 41 fulltrúi Einingar-Iðju í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs.***

Þegar Björn flutti skýrslu stjórnar í síðasta sinn sagði hann m.a. „Nú er starfstíma mínum að ljúka, ég er að fara í langa fríið. Þann 1. maí verða 41 ár síðan ég hóf störf hjá Verkalýðsfélaginu Einingu. Þetta hafa verið frábær ár og ef ég mætti velja hvort ég mundi fara aftur í þetta starf þá mundi ég segja já. Það er svo gefandi að umgangast ykkur kæru félagar og ekki síst að ná árangri í að þið náið réttindum ykkar og að allt sé eins og samningar segja til um.

Oft hafa verið umbrotatímar og að vera formaður í stéttarfélagi er ekki eitthvað sem gerir mann vinsælan heldur er oft gremja yfir einhverju látin bitna á formanni í umræðunni. En ég vil minna þá sem taka við keflinu á að Eining-Iðja er stærsta félagið á landsbyggðinni og annað stærsta innan SGS og takið það sem ykkur ber, verið í forustu innan hreyfingarinnar þar hafið þið mestu möguleikanna á að hafa áhrif. Gefið aldrei eftir þó að ykkar persónulegi metnaður segi annað, hafið félagsmenn ykkar í huga. Það að vera í stafni tryggir að þið hafið áhrif og vinnið þannig best að hagsmunamálum ykkar kæru félagar."

Björn fjallaði m.a. einnig um mikilvægi




*Anna Júlíusdóttir, sem hefur verið varaformaður, er nýr formaður félagsins og Tryggvi Jóhannsson, formaður Matvæla- og þjónustudeildar, verður starfandi varaformaður út starfsárið.*

SÍMEY

# SKRÁNING ER HAFIN

Á HAUSTÖNN 2023

**ENSKA - HELP START**

**LEIKSKÓLALIÐA- & STUÐNINGSFULLTRÚABRÚ**

**FÉLAGSLIÐAGÁTT**

**FRÆÐSLA Í FORMI OG LIT**

**MENNTASTOÐIR**

**ICELANDIC AS A SECOND LANGUAGE**

**MÁLMSUÐUSMIÐJA / *PINNASUÐA**

Og fleira...

SKRÁNING Á **SIMEY.IS**

Þórsstíg 4 • 600 Akureyri • S. 460-5720 • simey@simey.is

prentmet ODDI

heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

***Vertu hjartanlega velkomin***




Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Lynghåls 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA · ÍSLENSKT LÁTTU ÞAÐ GANGA · JAFNLAUNAVOTTUN

trúnaðarmanna í starfi félagsins. „Undirbúningur síðustu kjarasamninga reyndi verulega á félagsstarfið en í leiðinni kom í ljós hve tengslin innan félagsins eru raunverulega góð. Það vantar stundum í umræðuna að félagið er fólkið sem í því er, en ekki aðeins stjórnin eða starfsmenn á skrifstofu. Styrkur félagsins liggur í þessum góðum tengslum milli stjórnarinnar og félagsmanna.

Árið 2022 var undirbúningsár fyrir kjarasamningana, sem voru undirritaðir 3. desember sl. Það var frábært að vinna með öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og aðkomu að kröfunum, allir í trúnaðarráðinu, samninganefndinni og ekki síst öllum trúnaðarmönnunum sem leggja sitt að mörkum við að koma boðskap félagsins til starfsfélaga sinna og ekki síður að upplýsa okkur á skrifstofunni um stöðu mála á hverjum vinnustað fyrir sig.

Það að hafa öflugt trúnaðarmannakerfi er gullkista hvers félags, trúnaðarmenn eru augu félagsins á hverjum vinnustað og fylgjast með að allt sé í lagi er varðar réttindi og skyldur starfsfólks. Við höfum lagt mikið upp úr því að trúnaðarmenn sæki námskeið til að efla sig í hinu dýrmæta hlutverki sem trúnaðarmaður. Margir atvinnurekendur hafa sagt við mig að góður trúnaðarmaður sé gulls ígildi á vinnustað, ekki meint svo að hann sé að samþykkja allt sem hans yfirmaður segir heldur hefur kynnt sér málin og veit hvað er rétt og passar þannig upp á sína vinnufélaga. Svo eru til aðrir atvinnurekendur sem gera í því að hafa ekki trúnaðarmann á sínum vinnustöðum, ætli það sé hræðsla um að þeir verði nappaðir á einhverju ólöglegu eða hvað?

Við þessa atvinnurekendur segi ég, eru þið að fela eitthvað? Ef svo er þá mun það fréttast og mun hafa sínar afleiðingar fyrir viðkomandi því að við sofum ekki á verðinum, upp koma svik um síðir. Af hverju er mér svona tíðrætt um trúnaðarmennina og þeirra kraft og þor. Það er vegna þess að í þau 42 ár sem ég hef starfað að verkalýðsmálum eru það trúnaðarmennirnir sem hafa verið drifkrafturinn í félagi eins og Einingu-Iðju.“

### Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Í kjöri þetta árið var formaður og ritari til tveggja ára og einn meðstjórnandi til eins árs. Stjórn Einingar-Iðju skipa nú: Anna Júlíusdóttir formaður, Gunnar Magnússon ritari og Pálmi Þorgeir Jóhannsson meðstjórnandi. Einnig svæðisfulltrúarnir þrír, þau Elín Kjartansdóttir, Róbert Þorsteinsson og Sigríður Jósepsdóttir, og formenn og varaformenn deildanna þriggja, þau Guðbjörg Helga Andrésdóttir, Ingvar Kristjánsson, Tryggvi Jóhannsson, Bethsaida Rún Arnarsson, Ingibjörg María Ingvadóttir og Svavar Magnússon. Tilkynnt var á fundinum að Tryggvi verði starfandi varaformaður starfsárið 2023-2024. Um miðjan júní bættist Baldvin Hreinn Eiðsson í hópinn þegar hann tók við sem starfandi varaformaður Matvæla- og þjónustudeildar.

### Ný forysta Einingar-Iðju

Anna Júlíusdóttir, sem hefur verið varaformaður, er eins og áður segir ‚nýr formaður félagsins og Tryggvi Jóhannsson, formaður Matvæla- og þjónustudeildar verður starfandi varaformaður út starfsárið. Tryggvi hóf störf á skrifstofu félagsins þann 15. maí sl.

Í lok aðalfundarins sagði Anna nýkjörinn formaður félagsins eftirfarandi orð. „Kæru félagar, nú er komið að lokum þessa fundar og langar mig að segja nokkur orð. Að taka við sem formaður í stærsta stéttarfélagi á landsbygginni er stórt verkefni og mikil áskorun. Því vil þakka ykkur traustið.

Þið félagsmenn eruð félagið, ekki formaðurinn og því er mikilvægt að þið séuð í samskiptum við félagið, takið þátt og mætið á fundi. Mín helsta von er að verkalýðshreyfingin sameinist um að standa saman, en með því náum við bestum árangri.

Ég vil þakka frábærri stjórn, starfsfólki og trúnaðarmönnum fyrir mikilvæg störf, síðast en ekki síst vil ég þakka mentornum mínum honum Birni Snæbjörnsyni fyrir farsælt samstarf sem mun halda áfram fram á haust, en ég er afar heppin með það. Einnig vil ég bjóða Tryggva Jóhannsson velkominn til starfa sem varaformaður félagsins.

Ég minni á að skrifstofan mín er ávallt opin og öllum velkomið að koma og ræða málin. Fundi er slitið og ég þakka ykkur fyrir komuna.“

*Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast ræðu formanns í heild sinni sem og ársskýrsluna, en hún inniheldur skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins.*




*Eining-Iðja óskar vinningshöfunum til hamingju. F.v.: Linda Theódóra Tómasdóttir, Maria Myrna Lenares Cuestas, Sigurbjörg G. Kristjánsdóttir og Jón Álfgeir Sigurðarson.*

## Vinningshafar af aðalfundi - til hamingju

***Á aðalfundi félagsins var efnt til happdrættis. Miðar með nöfnum allra félaga sem mættu á fundinn voru settir í pott og svo voru nöfn fjögurra heppinna Einingar-Iðjufélaga dregin út.***

Nöfn eftirfarandi félagsmanna voru dregin úr pottinum.

***Sigurbjörg G. Kristjánsdóttir*** fékk gjafabréf að verðmæti kr. 30.000 hjá Menningarfélagi Akureyrar sem gildir á alla viðburði í Menningarhúsinu Hofi og Samkomuhúsinu.

***Jón Álfgeir Sigurðarson, Linda Theódóra Tómasdóttir og Maria Myrna Lenares Cuestas*** fengu helgardvöl í orlofshúsi félagsins á Illugastöðum, Húsafelli, Svignaskarði eða Tjarnargerði að vetri til.

# Björn Snæbjörnsson gerður að heiðursfélaga Einingar-Iðju

***Fyrsta verk nýkjörins formanns félagsins, Önnu Júlíusdóttur, var að sæma Björn Snæbjörnsson gullmerki Einingar-Iðju. Að því loknu tilkynnti Anna jafnframt að stjórn félagsins hefði ákveðið að gera Björn að heiðursfélaga Einingar-Iðju. Fundargestir risu úr sætum og hylltu Björn vel og lengi.***

Anna sagði við tilefnið að hún gæti haldið langa ræðu um störf Bjössa fyrir félagið en hún hefði ákveðið að segja bara örfá orð því það væri nógu erfitt fyrir hana „Björn gegndi embætti formanns Einingar-Iðju frá árinu 1999 og Verkalýðsfélagsins Einingar þar á undan frá árinu 1992, eða samtals í 31 ár. Hann sat sem meðstjórnandi í stjórn Einingar árin 1982 til 1986 og sem varaformaður frá árinu 1986. Árin í stjórn félagsins voru því orðin 41 þegar hann hætti formennsku rétt áðan. Björn hóf störf á skrifstofu félagsins ári eftir að hann settist fyrst í stjórn en hann mun starfa áfram hjá okkur til 31. október nk. Björn hefur setið í fjölmörgum ráðum, nefndum og stjórnum fyrir hönd félagsins.“






STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

## Breyting á birtingu sjóðfélagayfirlita

- Meginreglan verður rafræn birting undir *Skjöl* á sjóðfélagavef Stapa.
- Sjóðfélagi getur óskað eftir að fá yfirlit áfram í bréfapósti undir *Mínar upplýsingar* á sjóðfélagavef eða með því að hafa samband við sjóðinn.
- Ef þú ert með skráð netfang í *Mínar upplýsingar* á sjóðfélagavef sendum við þér tölvupóst í hvert sinn sem nýtt yfirlit er sett á vefinn.

**Á sjóðfélagavef er alltaf hægt að fylgjast með greiddum iðgjöldum og áunnum réttindum.**

Réttindasjóður byggir á greiðslum sem skila sér til sjóðsins og mikilvægt að hafa samband við Stapa ef iðgjöld vantar frá launagreiðanda.

Strandgötu 3, 600 Akureyri
Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað
Sími 460 4500
**www.stapi.is**
stapi@stapi.is

# Segjum frá sigrunum

*Eftir 40 ár í framlínu verkalýðsbaráttunnar er tímabært að hægja á ferðinni - hóflega þó. Í skemmtilegu samtali við Vinnuna, vefriti ASÍ, lítur Björn Snæbjörnsson, fráfarandi formaður Einingar-Iðju, yfir farinn veg en ræðir einnig stöðu og framtíð verkalýðshreyfingarinnar á miklum ólgutímum.*

Í viðtalinu kemur m.a. fram að í raun hefur hann ekki skýringu á hvaðan þessi óstöðvandi félagsmálaáhugi er kominn. Tæpast er hann erfðafræðilegur; foreldrar hans voru ekki forgöngufólk á þessu sviði þótt finna megi skörunga á ská og aftur í ættum. Kannski skýrir félagsmálaáhuginn þá staðreynd að börn Björns hafa aldrei sýnt minnsta áhuga á að feta í fótspor hans. Það krefst fórna að sinna svo krefjandi og tímafrekum störfum og fjölskyldulífið hefur ábyggilega mótast af miklum önnum heimilisföðurins. Björn hætti störfum sem formaður Einingar-Iðju í aprílmánuði en verður viðloðandi og ábyggilega rúmlega það fram á haustmánuði. Þá horfir hann til nýrra verkefna - þetta er ekki maður sem sest í helgan stein.



*Björn á skrifstofunni sinni fyrir örfáum árum.*

### *Helstu stoðir nútíma velferðarríkis eru reistar á réttindabaráttu verkafólks*

Aðspurður kveðst Björn telja að mjög skorti á að landsmenn geri sér almennt grein fyrir því að helstu stoðir nútíma velferðarríkis séu reistar á réttindabaráttu verkafólks. „Þetta eru ekki verk pólitíkusa. Kjörin og réttindin hafa fengist með linnulausri baráttu. Við höldum þessum árangri ekki nógu vel á lofti. Oft erum við upptekin af neikvæðum hlutum í forustu hreyfingarinnar. Af hverju ættu félagsmenn að vera ánægðir ef forustan er það ekki? Við höfum gert marga frábæra samninga, við höfum náð mjög miklum árangri og við höfum haft afgerandi áhrif á mótun samfélagsins, almenningi öllum til heilla. Auðvitað eigum við að segja frá þessu og standa keik fyrir því sem við gerum og höfum gert."

Þetta stórskemmtilega viðtal má lesa í heild á *www.vinnan.is*

Í Vinnunni í ár má einnig finna viðtöl sem tekin voru í tilefni af 1. maí við fimm konur sem eru formenn í sínum félögum. Þar á meðal við núverandi formann félagsins, Önnu Júlíusdóttir. Þær voru spurðar um stöðu kvenna í verkalýðshreyfingunni og þeirra eigin vegferð til áhrifa.

# Nýr kjarasamningur við ríkið samþykktur

*Eftir mikil fundarhöld undanfarna mánuði undirrituðu 18 aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands, þar á meðal Eining-Iðja, nýjan kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð þann 15. júní sl. og gildir samningurinn frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.*

*Rafræn atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna stóð yfir dagana 16. til 21. júní. Á kjörskrá voru 1.418 manns og var kjörsókn 24,26%. Já sögðu 92,44%, nei sögðu 4,65% og 2,91% tóku ekki afstöðu. Samningurinn var því samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta hjá þeim 18 aðildarfélögum sem eiga aðild að honum.*

Fundir milli aðila höfðu staðið yfir frá því í mars sl. og var umtalsverður ágreiningur um að leiðrétta þyrfti launamun fyrir sömu störf og sömu starfsheiti, en að lokum tókst að ganga frá samkomulagi sem felur m.a. í sér ítarlega skoðun á umræddum launamun og þar sem hann finnst verður hann leiðréttur afturvirkt frá 1. apríl.

Samningurinn er að öðru leyti hefðbundinn því sem ríkið hefur samið um að undanförnu, en með kjarasamningnum fylgir ný launatafla sem gildir afturvirkt frá 1. apríl 2023. Einnig koma til sér hækkanir á laun í ræstingu og vaktálaögum ásamt því sem betri virkni verður á vaktahvata. Þá hækka orlofs- og desemberuppbætur - orlofsuppbótin verður 56.000 kr. og desemberuppbótin 103.000 kr.

***Nýja kauptaxta má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is***

# Ferðaávísun

*Á orlofsvef félagsins geta félagsmenn keypt ferðaávísun sem tryggir bestu kjörin á gistingu á fjölmörgum hótelum og gistiheimilum um allt land. Nú er líka hægt að nota ferðaávísunina upp í gönguferðir, en samið var við Ferðafélag Íslands, Útivist og Fjallafjör um að taka við Ferðaávísun stéttarfélagana. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota Ferðaávísun upp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.*

Félagsmenn skrá sig inn á orlofsvef Einingar-Iðju og kaupa þar ferðaávísun sem hægt er að nota upp í gönguferðir eða gistingu á tugum hótela og gistiheimila í öllum landsfjórðungum, án þess að festa dagsetningu dvalarinnar. Þeir velja upphæð ávísunarinnar og greiða fyrir. Þeir bóka því næst gistingu á þeim stað sem þeim hugnast en herbergi, þjónusta og verð er breytilegt á milli gististaða. Félagið niðurgreiðir gistinguna um 20% af valinni upphæð. Niðurgreiðslan getur að hámarki verið 15.000 krónur á hverju almanaksári.

## *Margt í boði*

Í boði er allt frá einfaldri gistingu á litlum gistiheimilum upp í vegleg hótelherbergi með fullri þjónustu og dýrindis morgunverði. Einnig er hægt að velja upphæð að eigin vali, til dæmis 5.000 eða 15.000 krónur, og nota hvar sem er þegar land er lagt undir fót. Ávísunin veitir aðgang að bestu tilboðum þessara hótela og gistiheimila. Valið er þitt.

Ef umrætt hótel eða gistiheimili er fullt, eða ef ferðaáætlunin tekur breytingum þegar nær ferðinni dregur, er hægt að nota ávísunina hjá hvaða samstarfsaðila sem er, hvenær sem gistipláss er laust og með hvaða tilboði sem er. Þannig hafa félagsmönnum verið tryggð bestu hugsanlegu kjör og útilokað að þeir fari á mis við betri tilboð.

## *Frístundakortin*

Einnig er félagið þarna inni með til sölu Útilegukortið og Veiðikortið.

Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofsvefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Athugið að gott er að panta kortin með góðum fyrirvara. Það getur tekið allt að viku, jafnvel rúmlega það, að fá kort með póstinum.

***Á heimasíðu félagsins má finna nánari upplýsingar um ferðaávísunina og ferðakortin, m.a. spurningar og svör um ferðaávísunina.***

***Ekki hika við að hafa samband ef þig vantar aðstoð.***








FALLORKA

# Starfsmannamál

*Nokkuð hefur verið um tilfæringar og breytingar hvað varðar starfsmannmál félagsins að undanförnu.*

### Ráðgjafinn Björn

Björn Snæbjörnsson, fyrrum formaður félagsins, ber nú titilinn ráðgjafi og mun hann starfa hjá félaginu út október. Björn hefur verið starfsmaður Opinberu deildar Einingar-Iðju en nú hefur Arnór Sigmarsson, lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá félaginu, tekið við því hlutverki.

### Nýr varformaður

Í lögum Einingar-Iðju segir að formaður og varaformaður skulu vera starfsmenn félagsins.

Þegar Anna Júlíusdóttir var kjörin nýr formaður félagsins gegndi hún einnig embætti varaformanns og því þurfti stjórn Einingar-Iðju að tilnefna einn úr sínum röðum til að gegna embætti starfandi varaformanns út starfstímabilið. Samþykkt var í stjórn að Tryggvi Jóhannsson tæki það að sér. Þann 15. maí sl. hóf Tryggvi störf hjá félaginu sem starfandi varaformaður. Hann er með aðsetur á skrifstofu félagsins á Akureyri og er með netfangið *tryggvi@ein.is*.

### Nýr þjónustufulltrúi í Fjallabyggð

Margrét Jónsdóttir sem gegnt hefur starfi þjónustufulltrúa félagsins í Fjallabyggð frá 1. janúar 2008, þegar félagar í almennu deild Vöku gengu til liðs við Einingu-Iðju, ákvað að segja starfi sínu lausu fyrr á árinu. Margrét var einnig svæðisfulltrúi félagsins í Fjallabyggð til fjölda ára og því í stjórn Einingar-Iðju. Félagið þakkar Margréti fyrir hennar góðu störf fyrir félagið allan þennan tíma og óskar henni velfarnaðar.

Um miðjan febrúar var starfið auglýst og var Þórey Sigurjónsdóttir ráðin og hóf hún störf þann 15. júní sl. Netfangið hennar er *thorey@ein.is*

Þar sem Margrét þurfti að fara í leyfi um óákveðinn tíma frá 27. mars sl. var Halldóra Þormóðsdóttir fengin til að leysa hana af tímabundið til að halda skrifstofunni opinni. Halldóra endaði svo með að standa vaktina alveg þar til Þórey mætti til starfa og þakkar félagið Halldóru fyrir hennar störf.

Eining-Iðja býður þau Tryggva og Þóreyju velkomin í starfsmannahópinn.

## Orlofsuppbót/persónuuppbót 2023

*Eining-Iðja vill minna félagsmenn á rétt sinn á að fá greidda orlofsuppbót/persónuuppbót, en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendum er skylt að greiða starfsfólki sínu í maí/júní ár hvert. Uppbótin miðast við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, inniheldur orlof og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga.*
*Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar. Orlofsuppbót/persónuuppbót ársins átti að greiðast hjá þeim sem starfa á almennum vinnumarkaði og hjá ríkinu þann 1. júní sl., en 1. maí sl. hjá starfsfólki sveitarfélaga.*

### Hverjir eiga rétt á orlofsuppbót?

Þeir sem voru í fullu starfi á orlofsárinu 1. maí 2022 – 30. apríl 2023 áttu rétt á fullri uppbót, en annars greiðist hún í samræmi við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og reiknast orlof ekki ofan á orlofsuppbótina.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði: Fullt ársstarf telst vera 45 vikur eða meira fyrir utan orlof. Þeir sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl sl. eða í starfi fyrstu vikuna í maí áttu rétt á uppbót.

Starfsfólk ríkis: Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsfólk sveitarfélaga: Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

### Upphæðir ársins

Á almenna markaðinum kr. 56.000 miðað við fullt starf og átti að greiðast 1. júní sl.
Hjá ríkinu kr. 56.000 miðað við fullt starf og átti að greiðast 1. júní sl.
Hjá sveitarfélögum kr. 55.700 miðað við fullt starf og átti að greiðast 1. maí sl.

***Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma. Einnig ákvæði kjarasamninga þar sem fjallað er um þessar uppbætur.***

# Eining-Iðja

# þakkar eftirtöldum veittan stuðning

| | | |
|---|---|---|
| ASÍ | Deloitte. | EIGNAVER FASTEIGNASALA |
| EYJAFJARÐARSVEIT | GJÖGUR HF GRENIVÍK | KJARNAFÆÐI · NORÐLENSKA |
| Landsmennt www.landsmennt.is | Ríkismennt www.rikismennt.is | ICE FRESH SEAFOOD SAMHERJI HF |
| SJÓVÁ | stefna hugbúnaðarhús | Sveitamennt www.sveitamennt.is |
| sæplast | TANNI TRAVEL | PRENTÞJÓNUSTA TUNNAN S. 467-1288 www.tunnan.is tunnan@tunnan.is PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN |
| Verkval ehf. | RAFEYRI alltaf í stuði! LÖGGILTIR RAFVERKTAKAR | ÆVAR & BÓAS DALVÍK |
| AKUREYRARAPÓTEK | BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur · Europcar · Þínar þarfir - okkar þjónusta | form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR KAUPANGI v/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099 |
| FINNUR EHF VERKTAKAR - VÉLALEIGA | Fjallabyggð | POTTAGALDRAR |

# Rúmlega 378 milljónir í greiðslur til félagsmanna á síðasta ári

*Á síðasta ári fengu félagsmenn Einingar-Iðju greiddar út rúmlega 378 milljónir úr sjóðum félagsins. Um 221,5 milljónir króna úr sjúkrasjóði, um 90,4 milljónir úr orlofssjóði og um 66,4 milljónir úr fræðslusjóði. Árið á undan var upphæðin rúmlega 358 milljónir og árið 2020 var upphæðin rúmlega 316 milljónir.*

**Greiðslur til félagsmanna**

| | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Sjúkrasjóður | 221.502.795 | 210.373.980 | 169.417.182 |
| Orlofssjóður | 90.444.188 | 87.213.563 | 86.523.915 |
| Fræðslusjóður | 66.354.429 | 60.524.038 | 60.447.045 |
| **Alls** | **378.301.412** | **358.111.581** | **316.388.142** |

### *Sjúkrasjóður*

Greiðslur úr sjúkrasjóði Einingar-Iðju til félagsmanna hækkuðu um 11 milljónir á milli ára. Alls fengu 2.128 félagsmenn greitt á síðasta ári úr sjóðnum.

Dagpeningagreiðslur vega mest í upphæðinni en á síðasta ári fengu félagsmenn greidda tæplega 177 milljónir króna í dagpeninga miðað við um 167 milljónir árið 2021. Dagpeningagreiðslur geta verið vegna eigin veikinda, mjög alvarlega veikinda maka eða langveikra og/eða alvarlegra fatlaðra barna.

Aðrar greiðslur úr sjúkrasjóði námu alls tæplega 45 milljónum kr. miðað við um 43 milljónir kr. árið áður. Þarna má m.a. nefna greiðslur vegna líkamsræktar, sjúkraþjálfunar og sjúkranudds, viðtöl við sálfræðinga og geðlækna, gleraugnaglerja, heyrnartækja, krabbameinsleitar o.fl.

### *Fræðslusjóðir*

1.031 félagsmenn, 607 konur og 424 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er aukning um 55 félagsmenn frá árinu áður. Upphæðin sem greidd var hækkaði um tæpar 6 milljónir og var kr. 66.354.429.

***Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?***

Íslenska fyrir útlendinga ........... 129
Tungumálanám ........................ 9
Framhaldsskóli ...................... 168
Háskólanám .......................... 298
Tómstundanám ........................ 53
Starfstengt nám/námskeið ....... 214
Almenn ökuréttindi .................. 79
Sjálfstyrkingarnámskeið ............ 33
Náms- og kynnisferðir ................ 4
Annað ................................ 35

***Hverjir sóttu námskeiðin?***

Almenni markaðurinn ............ 684
Sveitarfélög ........................ 323
Ríkið ................................. 24

***Aldursdreifing styrkþega***

17-20 ára ............................ 134
21-30 ára ............................ 468
31-40 ára ............................ 241
41-50 ára ............................ 108
51-60 ára ............................. 58
61-70 ára ............................. 22

# Styrkir úr sjúkrasjóði – breytingar

**Á fundi stjórnar sjúkrasjóðs í mars var samþykkt að breyta tveimur styrkjum sem greiddir eru úr sjúkrasjóði félagsins.**

**Um er að ræða styrki vegna sjúkraþjálfunar eða sjúkranudds og vegna viðtala við sálfræðinga eða geðlækna.**

**Breytingin, sem tók gildi 1. apríl sl., felur í sér að hætt er að telja bæði skipti og hámark eins og áður var gert. Nú er einungis miðað við hámarkskostnað á hverju almanaksári.**

## *Sjúkraþjálfun og sjúkranudd*

**50% samkvæmt reikningi frá viðkomandi stofnun. Hámark kr. 68.000 á hverju almanaksári til hvers félagsmanns.**

## *Viðtöl við sálfræðinga og geðlækna*

**50% samkvæmt reikningi, að hámarki kr. 100.000 á hverju almanaksári.**

***Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má lesa meira um styrki og dagpeninga sem greiddir eru úr sjúkrasjóði.***

# Aðalfundur orlofsbyggðarinnar Illugastaða

*Eining-Iðja á 14 hús í Orlofsbyggðinni Illugastaðir í Fnjóskadal, en í byggðinni eru alls 31 hús. Í lok apríl fór fram á Illugastöðum aðalfundur orlofsbyggðarinnar. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og flutti Björn Snæbjörnsson, formaður byggðarinnar, skýrslu stjórnar og fór yfir ársreikningana.*



*Tryggvi, nýr formaður, Orlofsbyggðarinnar stendur hér á milli Sveins og Björns sem voru að hætta í stjórn byggðarinnar eftir setu í henni í langan tíma.*

Í lok skýrslu þakkaði Björn öllu því frábæra starfsfólki svæðisins fyrir góð störf á árinu og einnig húseigendum fyrir samstarfið. „Stjórnarmönnum fyrir samheldnina og áhugann á að gera byggðina sem glæsilegasta. Megi byggðinni farnast vel í framtíðinni og öllum sem þar munu starfa eða dvelja um lengri eða skemmri tíma.“

Tvær breytingar urðu á stjórn byggðarinnar á fundinum, en vitað var að formaður og ritari stjórnar þeir Björn Snæbjörnsson og Sveinn Ingvason myndu ekki gefa kost á sér á ný. Báðir búnir að sitja í stjórn í mjög langan tíma, Björn sem formaður hennar frá 2015 og meðstjórnandi þar áður og Sveinn í rúm 20 ár, öll sem ritari og fengu þeir þakkir fyrir góð störf í þágu orlofsbyggðarinnar.

Núverandi stjórn orlofsbyggðarinnar skipa: Tryggvi Jóhannsson formaður frá Einingu-Iðju, Helgi Sveinbjörn Jóhannsson varaformaður frá FVSA, Jón Þórðarson ritari frá Eflingu, Jóhann Rúnar Sigurðsson frá FMA og Anna Júlíusdóttir frá Einingu-Iðju. Varamenn í stjórn eru Þorkell Kolbeins frá AFLI starfsgreinafélagi og Ásgrímur Örn Hallgrímsson frá Einingu-Iðju.

# Hvernig væri að kíkja í sund á Illugastöðum?

*Í Orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal er fín sundlaug sem opin er yfir sumartímann. Vert er að benda á að allir geta kíkt þangað í sund þegar hún er opin, ekki einungis gestir byggðarinnar.*





Laugin er útilaug og eru þar tveir heitir pottar.

### Opnunartími sumarið 2023

Laugardaga til fimmtudaga 10:30 - 17:30.

### Gjaldskrá:

| | Stakt gjald | 10 tíma kort |
|---|---|---|
| Börn, 6 - 17 ára | 400 kr. | 3.000 kr. |
| Fullorðnir | 1.000 kr. | 7.000 kr. |
| Aldraðir og öryrkjar | 450 kr. | 3.500 kr. |


RAFÓS
rafverktakar/heimilistækjaviðgerðir
Raflagnir -viðhald og nýlagnir
Hleðslustöðvar fyrir rafbíla
-Uppsetning og sala-
Viðgerðir og sala
-á öllum gerðum heimilistækja-
Varmadælur
uppsetning og sala
Rafós Rofi
Verið velkomin
Goðanes 16 • 603 Akureyri • Sími 5191800 • rafos@rafos.is
Opið virka daga milli 08:00 – 16:00



# Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs

*Langflestir félagsmenn Einingar-Iðju greiða í Stapa lífeyrissjóð og því er vert að fjalla aðeins um ársfund sjóðsins sem var haldinn 3. maí sl. í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Mæting á fundinn var góð en sjóðfélögum var einnig gefinn kostur á að fylgjast með fundinum í vefútsendingu. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 41 fulltrúi frá Einingu-Iðju áttu rétt á setu á fundinum þar sem Erla Jónsdóttir, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2022. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreikning sjóðsins og áritanir ásamt því að gera grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu. Þá fór Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar, yfir fjárfestingarstefnu og ávöxtun það af er ári 2023 ásamt því að gera grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.*

Á fundinum voru lagðar fram óvenju margar tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins, sumar hverjar lítilsháttar orðalagsbreytingar meðan aðrar voru umfangsmeiri og tilkomnar vegna mótvægisaðgerða nýs spálíkans um lífslíkur. Áður en samþykktarbreytingarnar voru lagðar fyrir fundinn fór Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, ítarlega yfir forsendur breytinganna, uppbyggingu kerfis Stapa sem og tillögurnar. Því næst gerði Einar Ingimundarson lögmaður grein fyrir breytingunum. Allar breytingartillögur voru samþykktar að undanskilinni seinni hluta greinar 16.1 og grein 31.1. Á heimasíðu Stapa má finna allar tillögurnar sem lagðar voru fram á fundinum.

Farið var yfir starfskjarastefnu sjóðsins, en lagðar voru fram orðalagsbreytingar og var hún samþykkt samhljóða. Þá var einnig samþykkt tillaga að KPMG sem löggiltum endurskoðanda sjóðsins og tillaga að breytingu stjórnarlauna frá fyrra ári, í samræmi við hækkun á launavísitölu.

Stjórnarkjöri var lýst en stjórn sjóðsins var kosin á fulltrúaráðsfundi sjóðsins þann 12. apríl sl.

**Stjórn Stapa lífeyrissjóðs skipa í dag:**

**Frá launamönnum:** Guðný Hrund Karlsdóttir (formaður), Björn Snæbjörnsson, Oddný María Gunnarsdóttir og Sigríður Dóra Sverrisdóttir. ***Varamenn:*** Ásdís Helga Jóhannsdóttir og Heimir Kristinsson.

**Frá launagreiðendum:** Elsa Björg Pétursdóttir (varaformaður), Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Kristinn Kristófersson og Valdimar Halldórsson. ***Varamenn***: Guðrún Ingólfsdóttir og Páll Snorrason.

Þá var í samþykkt samhljóða nefnd um laun stjórnar. Í nefndinni sitja stjórnarformaður Stapa, Borghildur Rúnarsdóttir, Jens Garðar Helgason og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir.

Í máli Erlu, þegar hún flutti skýrslu stjórnar, kom m.a. fram að árið 2022 hefði raunávöxtun sjóðsins verið neikvæð um 12,6% og ársávöxtun því sú slakasta í rekstri sjóðsins í núverandi mynd. Þó verði að hafa hugfast að þetta slaka ár kom í kjölfar þriggja mjög hagfelldra ára þannig að ávöxtun til lengri tíma er vel yfir ávöxtunarmarkmiði sjóðsins sem er 3,5% raunávöxtun. Til viðbótar við krefjandi aðstæður á eignamörkum bættist einnig við að á haustmánuðum kynnti fjármálaráðherra hugmyndir um slit ÍLsjóðs með afturvirkri lagasetningu sem myndi framkalla gjaldfellingu svokallaðra íbúðabréfa. Stapi á töluvert magn slíkra bréfa og í kjölfar kynningarfundar ráðherra um málið lækkaði virði þeirra í eignasafni Stapa um 14% eða sem nemur 1,4% af heildareignum. Sjóðurinn hefur sjálfur og á sameiginlegum vettvangi lífeyrissjóða aflað lögfræðiálita sem staðfesta að fyrirhugaðar aðgerðir eru fjármálaráðherra andstæðar eignarréttarákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þrátt fyrir slaka ávöxtun á nýliðnu ári duga eignir Stapa ágætlega fyrir áföllnum skuldbindingum hans. Þá staðreynd má rekja til einstaks réttindakerfis sjóðsins sem aðlagar óúrskurðaðar skuldbindingar að ávöxtun eigna hans mánaðarlega. Tryggingfræðileg afkoma ársins var neikvæð um 3.900 millj. kr. og var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð í árslok um 31.424 millj. kr. eða 5,1% af skuldbindingum sjóðsins.

Neikvæða tryggingafræðilega afkomu sjóðsins má rekja til slakrar ávöxtunar eigna sjóðsins á árinu. Á móti kemur að vegna hækkandi ávöxtunarkröfu á markaði lækkar endurmat skuldabréfa um 15.140 millj. kr. frá fyrra ári sem vegur upp á móti áhrifum slakrar ávöxtunar. Áfallin staða sjóðsins er neikvæð sem nemur 2,2% en framtíðarstaðan um 8,7%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því í heild neikvæð um 5,1% sem má rekja til upptöku nýs spálíkans í staðalforsendur tryggingafræðilegrar úttektar íslenskra lífeyrissjóða sem kom til framkvæmda við úttektar sjóðsins vegna 2021. Nýtt spálíkan tekur mið af þróun undanfarinna áratuga sem gefur til kynna að lífslíkur haldi áfram að aukast um ókomna tíð. Eldri tryggingafræðilegar úttektir hafa byggt á staðalforsendum sem taka einungis mið af reynslutölum úr fortíðinni sem gera ekki ráð fyrir að þróun undanfarinna áratuga um hækkun lífaldurs haldi áfram.

Ávarp Erlu stjórnarformanns í heild, ársskýrslu Stapa og ársreikning má m.a. finna á vef félagsins, ***www.ein.is***

# *Do członków związku Eining-Iðja*

**Prawo do korzystania z urlopu letniego.** Wszyscy mają prawo do urlopu,przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu.Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

**Umowa o pracę (Ráðningarsamningar).** Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.
W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.
Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą .Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.
W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę ,a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

**Dodatek urlopowy 2023 (Orlofsuppbót).** *Czy nie masz na pewno dodatek urlopowy?* Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego.
Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe , pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1.maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Tegoroczna kwota dla tych, którzy działają na rynku prywatnym, a państwo (1 czerwca) jest kr. 56.000 na podstawie pełnego zatrudnienia, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Tegoroczna kwota dla tych, którzy pracują dla gmin (1 maja) jest kr. 55.700, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).
*Kto ma prawo do zasiłku urlopowego?* Ci, którzy byli zatrudnieni w 1 roku urlopu. 2022 maja – 30. 2023 kwietnia były uprawnione do pełnego zasiłku, ale w przeciwnym razie jest wypłacana zgodnie z szybkością pracy i czasu pracy.
Premia urlopowa jest stałą kwotą i nie oblicza urlopu na szczycie urlopu urlopowego.
*Personel na ogólnym rynku pracy:* zatrudnienie w pełnym wymiarze lat jest uważane za 45 tygodni lub więcej w przypadku braku urlopu. Ci, którzy są stale zatrudnieni przez pracodawcę przez 12 tygodni w ciągu ostatnich 12 miesięcy w porównaniu do 30. Pierwszy tydzień w maju miał prawo do zasiłku.
*Pracowników państwowych i lokalnych:* tych, którzy pracowali 13 tygodni po kolei w trakcie wakacji lub byli w pracy na 30. Kwietnia mieli prawo do zasiłku. Na stronie internetowej firmy, www.ein.is, można znaleźć stoły o wysokości wynagrodzenia urlopowego na podstawie stawki pracy i czasu pracy.

# *ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกท่าน*

**สิทธิในการขอลาพักร้อน** (Réttur til að taka sumarfrí)
สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน
หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ
และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน
ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้
แต่สมาชิกฯจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด
ด้วยการโทรฯและทิ้งข้อความ
เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน
และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย
มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

**วัน หยุด 2023** (Orlofsuppbót).
ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่ (Átt þú rétt á orlofsuppbót)
ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น
สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน
สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสฯเต็มอัตราคือ
จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30เมษายน )
และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน
หรือต้นเดือนพฤษภาคม ก็จะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน
จำนวนของเงินโบนัสฯจะมากหรือน้อยนั้น
ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน
จำนวนในปีนี้สำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนและรัฐ (1 มิถุนายน) คือ KR 56000 ขึ้นอยู่กับการจ้างงานเต็มรูปแบบให้สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง
จำนวนในปีนี้สำหรับผู้ที่ทำงานให้กับเทศบาล (1 พฤษภาคม) คือ KR 55700
สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง
โบนัสวันหยุดไม่รวมอยู่ในจำนวนเงินที่เป็นพื้นฐานของการคำนวณค่าจ้างในวันหยุด

**สัญญาการว่าจ้างทำงาน** (Ráðningarsamningur)
ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร
ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง
และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่างๆ
โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง
จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน
หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร
ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง
เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง
ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน
ที่สำนักงาน Eining –Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล
ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้
และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา
ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์ สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12 วัน
จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน
ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1 เดือนก่อนออกจากงาน
(เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่ หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่)
หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน
และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออ

# To the members of Eining-Iðja

*Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone og e-mail, in case of illness or accident during vacation.*

### Holiday bonus

Eining-Iðja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 56,000 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 55,700 in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

### Fishing card / Camping Card

In the summer of 2023, Eining-Iðja offers members once again to buy the Camping Card and The Fishing Card on special terms. By purchasing a card with the company, members can therefore save significantly. The cards must be purchased through the Vacation Home website, (www.orlof.is/ein) then an order will be sent to the relevant vendors who send the cards to members. The cards will NOT be for sale in the company's offices.

***Please note that reservations are good in advance. It can take up to a week, even just over it, to get a card by mail.***

Members can also purchase a travel cheque on their vacation home, which guarantees the best accommodation in hotels and bed and breakfasts across the country.

With the Fishing card (kr. 4.100) you can fish almost as much as you like in 36 lakes all around Iceland. Veiðikortið 2023 is valid for one person and only for the year 2023. Kids under the age of 14 fish free with a cardholder. For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

The Campingcard (kr. 17.900) only allows free camping for a maximum of two adults and four children up to the age of 16 per unit (campervan/tent/motorhome) at campsites, listed in the Camping Card brochure and website, www.utilegukortid.is

The Camping Card is valid for 28 nights per card. Each night counts as one unit, meaning that two adults and up to four children are counted as one unit and 28 units equal 28 nights. These 28 nights can be used from the day that campsites are open to September 15th, 2023. When the 28 nights/units have been used the card is no longer valid. For more information see www.utilegukortid.is

### Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference. Please contact Eining-Iðja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

**MY PAGES! - Have you signed in?**

**to...**

- **Apply for refunds**
- **Order apartments**
- **See all your information with the union**

ELECTRONIC REGISTRATION
WWW.EIN.IS

**EXAMPLES OF REFUNDS**
education fee
physiotherapy/massage
psychology appiontments
gym refund
driving courses
and more...

**CONTACT US - 100% CONFIDENTIALITY**
460 3600 | ein@ein.is | www.ein.is

**DO YOU WORK IN A RESTAURANT OR HOTEL?**

**Did you know...**

Shift plan needs to be orginized for 4 weeks at a time and announced with one week notice!

All shifts must have a start and FINISH time!

If you work longer then shift is scheduled, it should be paid as overtime!

**Contact us – 100% Confidentiality**
460 3600 | ein@ein.is | www.ein.is

# Góð dagsferð eldri félagsmanna

*Eins dags ferð fyrir eldri Einingar-Iðjufélaga var farin þriðjudaginn 20. júní sl. Um 100 félagsmenn og makar lögðu af stað í tveimur rútum frá Akureyri um kl. 9:00 og var ekið sem leið lá vestur í Húnavatnssýslur. Farið var um fremri Blöndubrúna, Svínadal og Reykjabraut, Vatnsdalshringurinn og að Þingeyrum þar sem kirkjan var skoðuð. Þaðan var farið um Blönduós til Kálfshamarsvíkur þar sem var stoppað, gengið um svæðið að vitanum og áfram fyrir Skaga til Sauðárkróks og Varmahlíðar áður en haldið var yfir Öxnadalsheiði og heim á ný.*

Snæddur var hádegisverður á Hótel Blönduósi og kaffi drukkið í Skagafirði, í Miðgarði.

Frábærir leiðsegjendur voru í ferðinni, þau Bragi Guðmundsson og Kristín Sigurrós Einarsdóttir.

Fleiri myndir úr ferðinni sem starfsfólk félagsins tók má finna á heimasíðu Einingar-Iðju.











# Kauptaxtar vegna veitinga, gisti og ferðaþjónustu

*Á heimasíðu félagsins má finna alla kauptaxta sem eru í gildi, á almenna markaðinum, þ.e. við Samtök atvinnulífsins, hjá ríki og hjá sveitarfélögum. Vert er að benda á að nú geta félagsmenn einnig skoðað á heimasíðunni kauptaxta félagsins við Samtök atvinnulífsins sem gilda einungis fyrir félagsmenn sem starfa við veitinga,- gisti- og ferðaþjónustu.*

Kauptaxtar Einingar-Iðju við SA
Veitinga-, gisti- og ferðaþjónusta
frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024

***Pay rates of Eining Iðja and SA.***
***Restaurants, hotel-guestshouses & related service.***
***From 1st. November 2022 until 31.January 2024.***

# Skilafrestur umsókna í sjóði félagsins

## Félagsmenn athugið!

**Vert er að minna á að fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-Iðju einu sinni í mánuði. Umsóknir og gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til félagsins í síðasta lagi 24. hvers mánaðar. ATH! breytilegt er milli ára hvenær skila þarf gögnum í febrúar og desember og er það auglýst sérstaklega.**

**Umsóknir um allar greiðslur úr sjúkrasjóði eru lagðar fyrir fund þ.m.t. dagpeningar, endurgreiðslur vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, krabbameinsleitar og allra styrkja sem greiddir eru skv. reglugerð sjóðsins.**

**Það sama gildir vegna skila á umsókn og gögnum til fræðslusjóða félagsins. Ekki er hægt að ábyrgjast greiðslu um næstu mánaðamót ef þau koma eftir 24. hvers mánaðar.**

**ATHUGIÐ!**
**Við hvetjum félagsmenn til að sækja rafrænt um styrki inn á**
**Mínum síðum Einingar-Iðju**

# Skráning stendur yfir!

## Bárðardalur - Laugafell - Skagafjörður

*Vert er að minna á að skráning stendur yfir í dagsferð sem félagið stendur fyrir laugardaginn 26. ágúst 2023. Farið verður um Bárðardal inn í Laugafell og niður í Skagafjörð.*
*Það er ekki eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með því hámarksfjöldi í ferðina er 90 manns. Kíkið við á skrifstofur félagsins, hringið í síma 460 3600 eða sendið póst á netfangið* **ein@ein.is** *og látið skrá ykkur ef áhugi er fyrir hendi.*

Farið verður með rútu frá Akureyri, lagt verður af stað kl. 9:00. Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til dagsins, annað en grillmat.

Ferðin kostar kr. 5.000 á mann, innifalið er akstur, grillmatur, safar og meðlæti.

Leiðsögumaður verður með í för.

# Trúnaðarmannanámskeið á haustönn

*Vert er að benda trúnaðarmönnum félagsins á að búið er að raða niður trúnaðarmannanámskeiðum næsta vetur, þ.e. á haustönn.*

Er nær dregur námskeiðum verða send bréf á þá trúnaðarmenn sem geta skrá sig á viðkomandi námskeið. Námskeiðin, sem hvert um sig stendur yfir í þrjá daga, fara fram í sal Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.



*Mynd tekin á trúnaðarmannanámskeiði. Félagsmálaskóli alþýðu sér um námskeiðin, en hann er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. MFA, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, fer með rekstur og málefni skólans.*

Trúnaðarmenn Einingar-Iðju eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsögðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

**Haustönn 2023**
Hluti 1 – 18. til 20. september
Hluti 2 – 9. til 11 október
Hluti 3 – 1. til 3. nóvember
Hluti 4 – 13. til 15. nóvember

Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þá samband við skrifstofu Einingar-Iðju og við setjum upp kosningu til að kjósa trúnaðarmann.


**MÍNAR SÍÐUR! - Hefur þú skráð þig inn?**

**Þar getur þú m.a.**

- Sótt um styrki
- Pantað/sótt um orlofshús
- Skoðað upplýsingar um þig hjá félaginu

RAFRÆN SKRÁNING Í GEGNUM
WWW.EIN.IS

DÆMI UM STYRKI
skólagjöld/námskeið
sjúkra-þjálfun/nudd
sálfræðitímar
hreyfistyrkur
ökunám

EINING-IÐJA

**Hafðu samband - 100% TRÚNAÐUR**

460 3600 | ein@ein.is | www.ein.is

# Breytingar í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar

***Breytingar urðu í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar á fundi stjórnarinnar sem fram fór í lok maí. Í lögum Einingar-Iðju segir að formaður og varaformaður félagsins skulu ekki eiga sæti í svæðisráði eða stjórn starfsgreinadeilda.***

Þar sem Tryggvi Jóhannsson, sem endurkjörinn var sem formaður deildarinnar á síðasta aðalfundi hennar, er orðinn starfandi varaformaður félagsins var ákveðið að Beth varaformaður deildarinnar tæki við stjórn deildarinnar og verði starfandi formaður út starfsárið. Stjórnin ákvað einnig að meðstjórnandinn Baldvin Hreinn Eiðsson, frá Kjarnafæði-Norðlenska, yrði starfandi varaformaður deildarinnar út starfsárið. Þar með er hann einnig kominn inn í aðalstjórn félagsins, en formann og varaformenn deilda sitja í henni.

Á fundinum varð einnig sú breyting að Tryggvi er nú orðinn starfsmaður deildarinnar í stað Önnu Júlíusdóttir, en hefð er fyrir því að varaformaður félagsins sjái um það starf. Önnu var þakkað fyrir hennar störf í þágu deildarinnar, fyrst sem formaður hennar og síðan starfsmaður síðastliðin 23 ár.


*Anna Júlíusdóttir.*


*Baldvin Hreinn Eiðsson.*


*Bethsaida Rún Arnarson.*


*Tryggvi Jóhannsson.*

**ATH.: EINGÖNGU TIL SÖLU Á ORLOFSVEF FÉLAGSINS!**

# Útilegu- og veiðikort

*Sumarið 2023 býður Eining-Iðja félagsmönnum enn og aftur upp á að kaupa Útilegukortið og Veiðikortið á sérkjörum. Með því að kaupa kortið hjá félaginu geta félagsmenn því sparað verulega. Kaupa þarf kortin í gegnum Orlofshúsavefinn, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna.*

***Útilegukortið - Verð til félagsmanna kr. 17.900***

Allar upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni *www.utilegukortid.is*

ÚTILEGU KORTIÐ

***Veiðikortið - verð til félagsmanna er kr. 4.100.***

Veiðikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veiðikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 36 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

VEIÐIKORTIÐ 2023

Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði má nálgast á *www.veidikortid.is*

*Athugið að gott er að panta með góðum fyrirvara. Það getur tekið allt að viku, jafnvel rúmlega það, að fá kort með póstinum.*


Njótið
sumarsins
gæludýr.is
Fiskislóð • Bíldshöfði • Smáratorg • Helluhraun • Baldursnes
www.gaeludyr.is



Pacta.

# Traust lögfræðiþjónusta sem byggir á reynslu og þekkingu á aðstæðum

**Pacta** Lögmenn
Hafnarstræti 91-95 / 600 Akureyri / pacta.is